

Ár 2002, miðvikudaginn 17. apríl, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 168/2001 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi dagsettu 6. desember 2001 kærði María Magnúsdóttir hdl. f.h. Kristins Sveinssonar, kt. 171024-2509, endurmat Fasteignamats ríkisins á brunabótamati fasteignar hans 0101 að Eirhöfða 12, Reykjavík, sem tók gildi þann 15. september 2001.

Í kærubréfi óskar kærandi eftir að brunabótamat eignarinnar verði hækkað. Í kærubréfinu segir m.a.:

“Kærandi telur að brunabótamatið muni ekki endurspegla endurstofnsverð eignarinnar ef til tjóns kemur. Tryggingarvernd er því ófullnægjandi...”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 18. desember 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 12. mars 2002, en þar segir m.a.:

“Niðurstaða endurmats brunabótamats eignarinnar að Eirhöfða 12 í Reykjavík byggir á upplýsingum um framangreinda eign sem skráðar eru í Landskrá fasteigna auk upplýsinga um eignina sem fengust við síðustu skoðun hennar þann 8. júlí 1986. Bent er á að eignin er metin sem tekin í notkun, en ófullgerð. Um er að ræða steipt atvinnuhúsnaði. Hjálagt fylgir yfirlit hinnar kærðu eignar, en þar kemur m.a. fram að byggingarár hússins er 1984 og afskriftarár hið sama.”

Niðurstaða

Í 10. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, sbr. lög nr. 34/1999, er heimild til að reikna brunabótamat án skoðunar á grundvelli upplýsinga sem fyrir hendi eru. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki þurfi að meta á grundvelli skoðunar á staðnum ef að mati stofnunarinnar liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar.

Samkvæmt umsögn Fasteignamats ríkisins byggði niðurstaða endurmats brunabótamats á eign kæranda að Eirhöfða 12 m.a. á upplýsingum sem fengust við síðustu skoðun eignarinnar þann 8. júlí 1986. Þá kemur þar fram að byggingarár húss sé 1984 og að eignin sé metin sem tekin í notkun, en ófullgerð.


Með hliðsjón af aldri og efni þeirra upplýsinga sem fyrir lágu hjá Fasteignamatinu verður ekki talið að fyrir hafi legið fullnægjandi upplýsingar við endurmatið. Málinu er því vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.


Pjetur Stefánsson


Guðmundur Magnússon


Agnar Guðafsson